

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. maí 2022  
Málsnúmer: 202203-0050  
SS/LA/SB/BK

## Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu fyrir framkvæmd Landsnets á Blöndulínu 3.

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 23. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu fyrir framkvæmd Landsnets á Blöndulínu 3. Þakkað er fyrir veittan frest á að skila umsögninni.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar þann 12. ágúst 2020. Í þeirri umsögn kom m.a. fram að Náttúrufræðistofnun teldi að áætluð lýsing á gagnaöflun fyrir gróðurfar, dýralíf og landslag væri góð en að meiri óvissa væri um öflun gagna til að meta víðerni og jarðmyndanir. Náttúrufræðistofnun taldi eðlilegt að sérstök greining yrði á óbyggðum víðernum samhliða landslagsgreiningu. Þá taldi stofnunin vanta lýsingu á því hvernig greint yrði frá jarðminjum og verndargildi þeirra á svæðinu og hvaða viðmið stuðst yrði við. Vísað er í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlunina eins og við á hér á eftir.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og meðfylgjandi gögn. Í eftirfarandi umsögn verður einkum vikið að þeim umhverfisþáttum sem varða fagsvið stofnunarinnar þ.e. gróðurfar, fuglalíf, jarðminjar og landslag. Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

### Almennar athugasemdir við framkvæmd umhverfismatsins

Náttúrufræðistofnun telur almennt að umhverfismatsskýrslan sé vel unnin, greinargóð og yfirgripsmikil og byggist að stærstum hluta á ítarlegum og vönduðum gögnum. Þá er framkvæmdinni lýst gaumgæfilega. Hins vegar telur stofnunin að ákveðna þætti í aðferðafræðinni mætti bæta og að niðurstaða umhverfismatsins eins og hún er framsett í umhverfismatsskýrslunni varpi ljósi á þá annmarka, sem mögulega var ekki endilega hægt að sjá fyrir.

Það varðar einkum skiptingu framkvæmdarinnar í þrjá aðskilda hluta sem hver er metinn í sitthvoru lagi fyrir alla umhverfisþætti. Náttúrufræðistofnun telur það hafa verið mjög skynsamlegt skref að skipta framkvæmdinni í aðskilda hluta en að hluti C hafi verið full stór og betra hefði verið að skipta honum upp í tvo eða þrjá hluta. Þannig hefði mátt gera betur grein fyrir þeirri fjölbreytni sem er innan svæðis C hvað varðar bæði mat á grunnástandi og einkenni áhrifa framkvæmdarinnar. Þetta á við um ýmsa umhverfisþætti en er sérstaklega skýrt í umfjöllun um landslag og ásýndaráhrif. Mikill breytileiki er í því mati milli landslagsheilda innan svæðisins sem leiðir til þess að niðurstaðan í heild verður miðlungsgildi og miðlungsåhrif fyrir flest þau viðmið sem eru metin eru fyrir svæðið í heild. Sú niðurstaða er svo undirstaða endanlegs mats sem stuðst er við þegar valkostir eru metnir. Þannig getur horfið vægi þátta sem



metnir eru með hátt mikilvægi eða verndargildi eða sem framkvæmdin er talin hafa mikil áhrif á, því meðaltalið fyrir allt svæðið er grundvöllurinn fyrir lokaniðurstöðuna. Með því að skipta svæði C niður í smærri einingar er hægt að kalla fram raunhæfari mynd af stöðunni.

Þá er einnig galli við svæði C að aðalvalkostirnir sem eru þar til skoðunar, C1 um Hörgárdalsheiði og C2 um Öxnadal sameinast á sitthvorum endanum, í Norðurárdal og utanverðum Hörgárdal og Kræklingahlíð. Vægi þeirra atriða sem einkenna sameiginlegu línukaflanna eru að sjálfsögðu með í umhverfismatinu en geta haft áhrif á hvernig samanburðurinn á valkostunum birtist í niðurstöðunni. Heppilegra hefði verið að sérstaklega bera saman valkostina eina og sér til að einblína á þau atriði sem aðskilja valkostina og sem samanburðurinn snýst fyrst og fremst um.

### Vistgerðir og gróður

Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands unnu rannsóknir á vistgerðum og flóru fyrir Landsnet og voru einnig til ráðgjafar við mat á áhrifum framkvæmdarinnar. Náttúrufræðistofnun telur því að álit stofnunarinnar um áhrif á vistgerðir og gróður hafi þegar komið fram í skýrslu sérfræðinga sem fylgir með umhverfismatsskýrslunni.

Eftir á hyggja telur Náttúrufræðistofnun að ef til vill hefði verið heppilegra að mat á því hvort svæði sé raskað eða óraskað ætti frekar að falla undir viðmið fyrir mikilvægi búsvæða og hafa vægi þar heldur en sem viðmið um viðkvæmni gróður. Ástand gróðurlendis segir ekki síður til um gæði þess sem búsvæði en hversu vel það jafnar sig eftir rask. Þá hefur það áhrif á heildarmat á grunnástandi að vistgerðir sem eru minna viðkvæmar eru gjarnan þær sem eru metnar með mjög hátt verndargildi. Eitt getur því vegið upp annað sem leiðir til þess að líkur aukist á að endanlegt mat sé nálægt miðju á kvarðanum t.d. nokkuð neikvæð eða óveruleg áhrif. Enda kemur á daginn að það er mjög algeng niðurstaða varðandi matið á áhrifum á vistgerðir og gróður.

Töluvert er um ósnortið eða lítt snortið votlendi á einstökum línuköflum sem fellur undir ákvæði 61. greinar laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og sem forðast ber að raska. Þrátt fyrir það eru t.d. valkostir A1, A2, þar sem svo á við um, metnir með miðlungs gildi fyrir mikilvægi búsvæða. Þar sem heildarumfang þess hverju sinni hefur áhrif á endanlegt mat á gildi búsvæða þegar valkosturinn er metinn, getur niðurstaðan leitt til þess að svæðið sé metið með miðlungs eða jafnvel lágt gildi ef heildarhlutfall votlendis er ekki sérlega hátt, þrátt fyrir að votlendið falli undir ákvæði 61. greinar. Þetta er bein afleiðing þess að meta stór landsvæði í einu og gefur að hluta skakka sýn á það rask sem verður af framkvæmdinni. Sökum þessa þarf eftir mesta megni að raska ekki þessum votlendissvæðum meir en nauðsynlegt er. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á þetta þegar að framkvæmd og beitingu mótvægisáðgerða kemur.

Eins og fram hefur komið er viss galli á matinu á C-hluta Blöndulínu 3 að valkostir sem til skoðunar eru ná einungis yfir hluta línunnar en aðrir hlutar eru sameiginlegir og þar af leiðandi í raun engir valkostir um þá hluta. Það á t.d. við um þann hluta sem er næstur Akureyri og liggur um Kræklingahlíð, og yfir Moldhaugaháls inn í Hörgárdal. Þar hafa verið kortlagðar votlendisvistgerðir í miklum mæli sem hafa hátt verndargildi. Heppilegra hefði verið ef annar valkostur hefði verið til skoðunar á þessum hluta línunnar. Þá eins og áður segir hefur vægi

Þessa votlendis lítið að segja með samanburð á valkostum C1 og C2. Vegna lengdar línunnar á C-hluta minnkar vægi rasks á þeim svæðum sem eru sérstaklega verðmæt/viðkvæm sem leiðir til þess að fyrir valkost C2 er þau metin nokkuð neikvæð þrátt fyrir umtalsvert rask á votlendi yst í Hörgárdal og í Kræklingahlíð. Eins og með votlendi á A-hluta Blöndulínu 3 ber að taka það alvarlega að forða því votlendi sem verður á endanlegu framkvæmdasvæði fyrir öllu óþarfa raski og beita viðeigandi mótvægisáðgerðum.

Þess má geta að eftir að umhverfisskýrslan var unnin hafa borist upplýsingar um að votlendi við Hóla í Öxnadal sem áður var talið raskað hefur að einhverju leyti verið framræst nýlega og verndargildi þess því meira en áður var talið.

### Jarðminjar

Vegna skorts á nákvæmum jarðfræðikortum fyrir framkvæmdarsvæðið, bæði berggrunns- og jarðgrunnskortum, hefur reynst erfitt að meta stöðu einstakra jarðminja eða jarðminjaheilda með tillit til verndargildis. Berggrunnur svæðisins er úr hraunlögum frá Neogen (Tertíer) sem eru að miklu leiti þakin lausum jarðlögum frá síðjökultíma t.d. jökulruðningi. Þá einkenna virk ferli landmótunar framkvæmdarsvæðið þar sem skriðu- og aurkeilur eru mest áberandi ásamt áreyrum. Víða má sjá ummerki skriðufalla og berghlaupa, en af þeim er stærst og merkast berghlaupið Hólahólar. Laus jarðlög, jarðgrunnur, hafa ekki sterka verndarstöðu í náttúruverndarlögum, en þrátt fyrir það eru þau mikilvægur hluti fyrir jöklunarsögu svæða og fyrir jarðsögu landsins. Þá eru landform lausra jarðlaga stór hluti af landslagi og með því að fjarlægja þau t.d. vegna efnistöku, breytist landslagið og ásýnd þess. Lausum jarðlögum og landformum sem hefur verið raskað er ekki hægt að endurheimta.

Hólahólar voru friðlýstir að hluta til sem fólkvangur árið 2007 en mikilvægt er að vernda berghlaupið allt sem eina landslagsheild vegna mikils vísindalegs gildis og stórbrotinna landforma. Fyrirhuguð línuleið C2-Öxnadalsleið er staðsett í jaðri berghlaupsins. Lagning loftlínu mun hafa áhrif á stórbrotið landslag vegna sýnileika línunnar og einnig vegna rasks í tengslum við lagningu hennar t.d. línuvegir, undirstöðu o.fl.. Á þessu svæði væri jarðstrengur (lagður utan við berghlaupið) betri kostur en loftlína.

Segja má að sérstaða Öxnadals sé fjöldi berghlaupa á frekar afmörkuðu svæði, sem liggja ofan í hvort öðru og sem hafa hlaupið úr hlíðum beggja vegna dalsins. Álitamál er hvort hægt sé að finna slíkan fjölda berghlaupa annars staðar á landinu. Á svæðinu má einnig víða finna önnur stök, mjög falleg og formfögur landform sem tengjast skriðuföllum og berghlaupum.

Almennt álit Náttúrufræðistofnunar er að línuleið Blöndulínu 3 eigi að fylgja svæðum sem nú þegar hefur verið raskað. Í því sambandi telur Náttúrufræðistofnun t.d. línuleið C1 ekki vera vænlegan kost ú frá jarðminjum þar sem í Hörgárdal eru tilkomumiklar óraskaðar jarðmyndanir frá nútíma, stórar skriðu- og aurkeilur ásamt minni berghlaupum sem gefa mjög skýra og heildstæða mynd af landmótunarferlum eftir að jökull hörfaði af svæðinu á nútíma. Á Hörgárdalsheiðinni virðist vera dauðislandslag sem þarf að skoða nánar. Þó að þessar jarðminjar séu ekki einstakar eða sérstæðar þá eru þær mikilvægar fyrir jöklunarsögu

norðurlands og jarðsögu landsins. Jafnframt skortir frekari rannsóknir á jarðgrunni svæðisins, ásamt kortlagningu, til þess að hægt sé að meta verndargildi þeirra á landsvísu.

Varðandi efnisnámur í tengslum við Blöndulínu 3 er áhersla lögð á eldri námur og efnistöku úr áreyrum. Náttúrufræðistofnun telur að efnisnám úr áreyrum sé ágætis kostur svo lengi sem efnistakan er sjálfbær. Í Öxnadal er nú þegar allmikið efnisnám og við framkvæmd Blöndulínu mun hún aukast enn frekar og dreifast á nokkra staði meðfram áreyrum Öxnadalsá. Náttúrufræðistofnun telur að hér ætti að huga að samlegðaráhrifum efnistökkunnar og kanna hversu mikil hún getur orðið í heild innan svæðisins miðað við framburð efnis og tímunn sem tekur eyrnarnar að endurnýja sig. Gæta þarf brýnustu varúðar þar sem námusvæðin eru innan vatnsverndarsvæða, ásamt því að til sé viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir ef slys verða.

Innan framkvæmdarsvæðisins eru nokkrar óraskaðar skriðu- og aurkeilur, en þær mynda oft falleg landform sem ástæða væri til að vernda gegn raski. Ólíkt árkeilum þá er efni í skriðu- og aurkeilum oftast óhreint og ekki frostfrítt en getur verið breytilegt milli aurkeila. Almennt hentar efnið ekki í frostfrí burðarlög og frostfríar fyllingar. Aurkeilan við Vaskáreyrar í landi Gloppu er nefnd sem álítlegt námusvæði, Öxnadalur - Vaskáreyrar. Aurkeilan er sérstaklega formfögur og er lítt raskað landform. Náttúrufræðistofnun leggur til að keilan við Vaskáreyrar verði ekki notuð sem efnistökusvæði. Hins vegar er aurkeilan við Gloppugil (BAN-28) nú þegar mikið raskað landform og að þeim sökum vel ásættanlegur efnistökuastaður.

Í Kiðaskarði eru tilgreindar þrjár námur í aur- og skriðukeilum sem liggja á sama svæði með stuttu millibili, þ.e. námur KS-1, KS-2 og KS-3. Af loftmynd má greina að kroppað hefur verið í syðstu keiluna KS-1 en hinar tvær eru óraskaðar. Náttúrufræðistofnun mælist til að ekki sé farið í að raska öllum þessum þrem keilum vegna efnistöku, heldur að eingöngu sé unnið efni úr þeirri sem nú þegar er röskuð.

Fram kemur í niðurstöðum á bls. 52: „Heildarmagn efnis sem er áætlað að hægt sé að vinna úr námunum er um 3.225 þúsund rúmmetrar. Reiknað er með því að efnisþörfin í verkið sé hins vegar á bilinu 400-500 þúsund rúmmetrar, sem er u.þ.b. 12-16% af því magni sem áætlað er að hægt sé að fá úr öllum námunum.”

Miðað við þann mikla mismun á efnisþörf og vinnanlegt heildarmagn tilgreindra efnisnáma þá telur Náttúrufræðistofnun að til staðar sé gott svigrúm til að undanskilja námur sem eru á óröskuðu svæðum, ásamt þeim sem áður hafa verið nefndar þ.e. við Vaskáreyrar og í Kiðaskarði.

## Fuglalíf

Náttúrufræðistofnun telur fuglaathuganir almennt gefa góða mynd af fuglalífi svæðisins en telur mikilvægt að árétta að talningar einar og sér gefa ekki heildarmynd af áflugshættu. Farleiðir gæsa og álfta liggja um þessi svæði sérstaklega á svæði B í Skagafirði en einnig t.d. í Svartárdal og Blöndudal á svæði A. Því ætti almennt með varúðarsjónarmið að leiðarljósi að gera ráð fyrir í það minnsta lágt-miðlungs hættu á áflugi á þessum tveimur svæðum línunnar. Töflur 10.5 og 10.7 ætti að uppfæra með þetta að leiðarljósi, nánar um það hér á eftir.

Í mati á grunnástandi fuglalífs á svæði A (tafla 10.4) er mikilvægi búsvæða metið lágt og vísað í að þéttleiki fugla sé ekki mikill. Náttúrufræðistofnun telur að þar sem um óröskuð svæði sé að ræða að mestu, það að fimm fuglar finnist að meðaltali á punkti á Steinárhálsi, að þéttleiki þúfuttíllings sé töluverður og að líklegt sé að rjúpur séu þarna í töluverðum mæli á veturna, þá væri eðlilegra að meta mikilvægið lágt-miðlungs í það minnsta. Í mati á einkennum áhrifa á svæði A (tafla 10.5) telur Náttúrufræðistofnun að áhrif vegna áflugs ættu að vera í það minnsta lágt-miðlungs vegna andfugla og rjúpu sem og mófugla en rannsóknir hafa sýnt að t.d. heiðlóur fljúga í nokkrum mæli á raflínur.

Í mati á grunnástandi fuglalífs á svæði B (tafla 10.6) má velta fyrir sér hvort mat á mikilvægi búsvæða fyrir valkosti B1 og B1b ætti frekar að teljast lágt-miðlungs þar sem þéttleiki mófugla er lítið eitt minni en á Steinárhálsi. Þá eru búsvæðin á á farleiðum og skammt frá varplöndum heiðagæsa. Í mati á áhrifum vegna áflugs ættu valkostirnir á syðri leiðinni (B1) að vera metnir með lágt-miðlungs áhrif vegna varúðarsjónarmiða í ljósi farleiða (nema mögulega B1j1 þar sem jarðstrengur spannar nokkuð stórt svæði) og svæði B3 og B4 með miðlungs-hátt áhrif vegna þéttleika gæsa og álfta á svæðinu.

Í umfjöllun um mótvægisáðgerðir kemur fram að vöktun á áflugi fugla á Rangárvallalínu 1 hefur sýnt að áflug eigi sér stað og sérstaklega þar sem línan þverar flugleiðir. Gert er ráð fyrir að valkostir B3 og B4 muni hafa svipuð áhrif en ekki er fjallað um B1 í þessu samhengi. Þá er óvíst hvort áhrifin verði eins því Rangárvallalína 1 er lægri. Náttúrufræðistofnun telur að auka ætti vöktun á áflugi til að greina við hvaða aðstæður mest hættu sé á áflugi og meta hvernig hægt sé að grípa til aðgerða til að draga úr líkum á því.

### Vatnalíf

Við mat á grunnástandi vatnalífs og sérstaklega í tengslum við matsþáttinn „mikilvægi vatnasvæðis“ telur Náttúrufræðistofnun að það hefði mátt horfa til flokkunar og verndargildis ferskvatnsvistgerða samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar. Sumar ferskvatnsvistgerðir eru metnar með hátt eða mjög hátt verndargildi héraendis t.d. kaldar lindir sem m.a. finnast innan svæðis B í Skagafirði.

### Landslag og ásýnd

Greiningin á landslagi og ásýnd og gildi þess er ítarleg og jákvætt er að sjá að hver landslagsheild, en þær voru tuttugu talsins, eru greindar hver í sínu lagi. Verklag við að flokka og meta gildi landslags er ekki föst í sessi í verklagi umhverfismats hér á landi og skiptar skoðanir um aðferðafræði. Fram kemur að í matinu sé horft til nokkurrar mismunandi aðferðafræði en hvernig þeim er skeytt saman er ekki útskýrt. Mjög mörg atriði liggja að baki hvers matsþátts einkum er varðar grunnástandið þar sem gildi og næmni landslagsins eru metin. Hvaða vægi hvert atriði fær er ekki útskýrt og því er nokkuð erfitt að meta nákvæmlega hvernig ákvörðun var tekin um endanlega flokkun landslagsheilda.

Náttúrufræðistofnun telur sig ekki hafa forsendur til að rýna flokkun landslagsheildanna til hlítar en vill benda á nokkur atriði þar sem stofnunin telur að landslag hafi verið metið með full lítið gildi, sérstaklega á þetta við um landslagsheildir sem tilheyra C-leið Blöndulínu 3:

- Landslagsheild VIII) Héraðsvötn eru metin með litla til miðlungs gildi en vegna mikillar víðsýni á svæðinu og þess sterka svipar sem Héraðsvötn setja mætti rökstyðja að næmni landslagsins ætti frekar að vera miðlungs frekar en lítil-miðlungs.
- Landslagsheild XII) Öxnadalshéiði. Nokkuð kemur á óvart að svæðið er metið með lágt gildi og litla næmni því þó um það liggja þjóðvegur og núverandi háspennulína er um ósnortið landslag með mikilfengleika, mikið um ár og læki sem renna niður fjallshlíðar, djúp gil og þar er einnig stórt votlendi sem setur svip á svæðið. Þá er norðurhluti heiðinnar innan náttúruminjaskrár. Eðlilegra hefði verið að meta landslagsheildina með herra gildi að mati Náttúrufræðistofnunar.
- Landslagsheild XIII) Gloppa. Enn frekar kemur á óvart að Gloppa sé einnig metin með lágt gildi. Svæðinu er m.a. lýst á þann veg að þar sé einfalt en mikilfenglegt landslags vegna hárra og skorinna fjalla. Fjöllin eru há og mörg svipmikil og svæðið er einnig að hluta á náttúruminjaskrá. Líkt og með Öxnadalshéiði hefði Náttúrufræðistofnun talið eðlilegra að meta landslagsheildina með herra gildi. Ekki síst þar sem næsta landslagsheild við hliðina á, Hraun, er metin með hátt gildi.
- Landslagsheild XVI) Hörgárdalshéiði. Þar kemur fram að heiðin sé ósnortin, þar eru há fjöll með tinda yfir 1000 m á hæð og mikið útsýni. Þá er svæðið alfarið innan náttúruminjaskrár. Að mati Náttúrufræðistofnunar er sérkennilegt að svæðið sé einungis metið með lágt til miðlungs gildi. Miðlungs til hátt hefði verið eðlilegri niðurstaða.
- Landslagsheild XVII) Hörgárdalur eftir. Það eitt að sýn sé til Drangafjalls og Hraundranga og sjónlína sé til staðar út á Eyjafjörð ásamt fjölbreyttu búsetulandslagi vegur það þungt að Náttúrufræðistofnun telur sérkennilegt að gefa landslagsheildinni einungis lágt til miðlungs gildi.

Í samanteknu mati á grunnástandi C-leiðar sérstaklega, kemur í ljós sá galli hversu löng sú leið er. Alls eru tíu ólíkar landslagsheildir í því mati og metnar með mjög mismunandi gildi. Niðurstaðan úr því er á fyrirsjáanlegan hátt sú að grunnástand landslags leiðarinnar er metið miðlungs jafnvel þótt innan þess séu svæði með hátt gildi. Endanleg niðurstaða segir því ekki alla söguna. Samanburður milli valkosta verður einnig erfiður fyrir vikið. Þá telur Náttúrufræðistofnun eins og kom fram hér að framan að margar landslagsheildir á C-leið hafi verið metnar með of lágt gildi og þar með að samantektin endurspeglir heldur ekki heildargildi landslags á leiðinni, það ætti frekar að vera miðlungs-hátt en ekki miðlungs.

Að lokum ber að nefna að óheppilegt er að Landsnet taldi ekki tilefni til kortlagningar á óbyggðum víðernum en Náttúrufræðistofnun tók fram í umsögn sinni um matsáætlun að slík kortlagning væri mjög mikilvæg. Rétt er að viðmið um greiningu á óbyggðum víðernum eru ekki að fullu skýr en ýmissi aðferðafræði hefur verið beitt og hefði mátt taka þær til prófunar og sjá hvaða kortlagning hefði komið út úr því. Eins og fram kemur eru óbyggð víðerni á svæðinu þar sem valkostir hafa verið tilgreindir og eðlilegt hefði verið að greina áhrif þeirra á þau betur.

## Samantekt

Almennt telur Náttúrufræðistofnun að þeir valkostir sem Landsnet hefur valið sem aðalvalkosti fyrir Blöndulínu 3 séu þeir heppilegustu af þeim valkostum sem til skoðunar voru, miðað við þá náttúrufarsþætti sem varðar fagsvið stofnunarinnar. Þó er munurinn milli valkosta ef til vill ekki alltaf jafn afgerandi og fram kemur og bendir stofnunin á að mat á gildi og áhrifamati nokkra valkosta sé mögulega vanmetið t.d. varðandi fuglalíf (sérstaklega áflugshættu) og landslag og ásýnd. Umfjöllun um áhrif á jarðminjar hefði mátt vera ítarlegri og er Náttúrufræðistofnun með nokkrar ábendingar um efnistökusvæði sem mælt er með að séu rýndar vandlega. Endanlegt mat á áhrifum efnistöku á jarðminjar (mynd 9.5) gefur því ef til vill ekki alveg rétta mynd af áhrifunum.

Á svæði A taldi Náttúrufræðistofnun valkost A2 eilítið ákjósanlegri en valkostur A1 með tilliti til áhrifa á gróður en ekki var mikill munur þar á. Lítil munur er sömuleiðis milli valkostanna hvað varðar hina umhverfisþættina sem fjallað er um hér í umsögninni.

Á svæði B eru stórir hlutar línuleiðarinnar raskaðir að einhverju leyti og verndargildi t.d. gróðurs metið minna en á svæðum A og C. Hér eru hins vegar mikilvæg fuglasvæði og sérstaklega eru farleiðir andfugla miklar á svæðinu og því áflugshætta af öllum línnum umtalsverð. Því mætti gefa meira vægi í matinu að mati Náttúrufræðistofnunar m.a. vegna óvissu og skorts á góðum rannsóknum á áflugi hérlendis. Þar af leiðandi er full mikill munur milli valkosta í endanlegu áhrifamati (Mynd 10.5). Fleiri jarðstrengskostir hefðu einnig getað verið gagnlegir á svæði B sökum þessa.

Á svæði C hefur lengd línu og sú staðreynd að valkostur er einungis einn á hluta leiðarinnar áhrif á gæði matsins eins og áður hefur komið fram. Vægi mikilvægra svæða með mjög hátt verndargildi t.d. votlendissvæða í Kræklingahlíð og framanverðum Hörgárdal sem og landslagssvæða t.d. í Öxnadal koma ekki fram á sterkan hátt í heildarmatinu og draga úr möguleikanum á að bera saman valkosti. Valkostur C2 hefur þó það fram yfir valkost C1 að vera á svæði sem þegar er raskað á ýmsan hátt meðan Hörgárdalsheiðin er að mestu ósnortin.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna að svo stöddu.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.